

Á LISTAHÁTÍÐ

HÁLFUNGLAMANLEG dragandi þótti mér auðkenna setningu listahátíðarinnar í Háskólabíó.

Víst var ýmislegt sagt þar vel og viturlega. Borgarstjóri og menntamálaráðherra lýstu báðir fallega skilningi sínum á gildi lista, félagslegu og menningarlegu hlutverki þeirra á tímum múgmennningar og tækniveldis. Efalaust eru hátíðaverk þeirra Jóns Leifs og Páls Ísólfssonar merkilegar tónsmíðar. Og sönn ánægja var að hlýða orðlist Halldórs Laxness þarna inn á milli: hann hlítir aldri sínum, eins og hans var von og vísa, orðinn hóflega íhaldssamur, en skoðunin tempruð af fagaðri efahyggju. En menningarsögu-legalar afhæfingar hans eru kannski ekki alveg gullvæg vísindi frekar en önnur þvílík fræði.

Einhver kann að hafa sagnað þarna á samkomunni ungs manns raddar, einhvers sem væri, ef ekki öldungis nýr, að minnsta kosti öðru vísi en hinir. Roskinlegur alvörusvipur, miðaldra hátíðleiki eru alltend ekki ríkjandi einkenni íslenzkrar listar í dag. Og þó? Dragandinn kom kannski bara til af því hve ósýnt mönnum er að skipuleggja þvílíkar samkomur. Að líkindum hefði hún orðið helmingi alvarlegri, helmingi menningarlegri — og

þar með helmingi áhrifameiri, minnst — hefði hún bara verið svo sem helmingi styttri.

EKKI get ég sagt það angri mig til neina muna, hvað sem er um aðra, að Halldór Laxness skuli enga skrautútgáfu eiga af Eddu að sýna útlendingum — nema þá á þýzku eða tékknesku. Þar fyrir voru áminningarorð hans um sinnuleysi Íslendinga um fornar bókmenntir sínar vissulega í tíma töluð. Það er stór vansi að ekki skuli enn til fullgild vísindaleg Edduútgáfa; og sami vansi hversu mikið er enn öldungis óúttekið af miðaldarbókmenntum okkar. En vísindi og viðhöfn leysa að sönnu ekki allan vanda. Á öðru hverju heimili þar sem maður kemur, og líklega ríflega það, er til alþýðleg lestrarútgáfa Íslendingasagna og fleiri fornrita; sums staðar stendur hún við hlið hinnar vísindalegu útgáfu Fornritafélagsins. En hversu eru þessar bækur lesnar hversu lifandi þáttur eru forn bókmenntirnar í nútíðarmenningu þjóðarinnar, daglegu menningarlífi okkar og bókmenntaiðkun? Þeirrar spurningar er líka heimilt að spyrja á listahátíð: menningararfurinn er okkur ekki mikils verður, ef hann gerir ekki



Halldór Laxness flytur ræðu sína við setningu listahátíðarinnar.

nema rykfalla í skinnbandi upp á hillu milli þess að útlendingar koma í heimsókn.

Bókasýning sú, sem efnt var til á listahátíðinni leysir ekki úr ýkja mörgum spurningum um íslenzka bókmenningu og bókagerðarmenningu. Enda virðist tilgangur sýningarinnar einkum bókmenntisögu-ur: hún á að vera lauslegt yfirlit íslenzkra bókmennta frá lýðveldisstofnuninni. Þetta er að visu gott og gilt, og sýningin er snotur og ekki ófróðleg svo langt sem hún nær. En miklu væri hún gagnsamlegri hefði verið reynt að gera þar heillega og sannferðuga mynd íslenzkrar bókaútgáfu og bókagerðar í dag: þar hefði mátt draga fram, og setja í öndvegi, það sem best er unnið í bókagerð en benda til viðvörunar á hitt sem miður fer og úrleiðis. Sú sýning hefði varla orðið mjög fögur. En hún hefði með einföldum hætti bent á veikleika bókmenningar okkar og ávantarir sem nauðsyn er að þekkja og ræða og bæta úr: bókagerðin í landinu speglar bókmenningu landsmanna á hverjum tíma, og þá spegilmynd hefði verið allfróðlegt að sjá á listahátíð.

SKÁLDSKAPUR er ekki í nein um tiltakanlegum hávegum á listahátíðinni.

Að visu hafa allmargir höfundar stigið fram og lesið úr verkum sínum: menn lásu upp við setningu hátíðarinnar, á undan sýningum Leikfélags Reykjavíkur á Brunnum kolskógum og Grímu á Amalíu, upplestur var með tónleikum á „listamannakvöldi“ í Tónabíó. Trúlega hefur sú samkoma verið aumust allra á hátíðinni; en sami veikleiki og багаði

hana hefur auðkennt allan þennan hátíðalestur. Heilög tilviljun virðist sem sé einráð um það, hverjir koma fram, hvað þeir lesa og hvenær; engum virðist hafa komið til huga að neinu skipti hverjir lesi í senn né hvað sé samferða upplestrinum á efnisskrá. — Þetta sinnuleysi er bagalegt og leiðinlegt, og það er öldungis óþarft. Það ætti að vera unnt (jafnvel auðvelt) að skipu-

höfundum og ungum og upprennandi. En þarf tilviljun nauðsynlega að ráða þeirri samskipan; mætti ekki t. d. velja kvöldinu eitthvert tiltekið stef sem kynni að birtast í nýju ljósi með höfundum af mismunandi kynslóðum? Eða mismunandi listgreinum?

Það væri hæðarleikur að lengja þessa þulu og styðja hana fleiri dæmum. En ekki fer milli mála að hlutur skálda og rithöfundar í þessari listahátíð hefur verið með engum sóma og sízt til þess fallinn að auka veg þeirra og virðingu meðal almennings. Þeim er áreiðanlega óhætt að ihuga vel og vandlega þátttöku sína í hinni næstu hátíð, ef til hennar kemur.

LISTAHÁTÍÐIN

eftir

ÓLAF JÓNSSON

leggja „listamannakvöld“ þannig að dagskráin fái sérgildi fyrir það hverjir komi þar saman; það er á hinn bóginn heldur en ekki undarlegur absurdismi að skipa þeim hlið við hlið í slíkri dagskrá Þórunni Elfu Magnúsdóttur og Leifi Þórarinssyni, svo aðeins eitt dæmi sé nefnt. Auðvelt er að hugsa sér t. d. ljóðakvöld þar sem ung skáld læsu úr verkum sínum og flutt væru verk ungra tónskálda; sízt mundi það spilla ef slík samkoma færi fram innan um myndlist (þó mér sé reyndar ókunnugt hvort salarkynni listasafnsins leyfi slíkan flutning). Slík samverkan ólíkra listamanna og listgreina gæti orðið eftirminnileg og kannski lærdómsrík. Ekkert er raunar á móti því, að skipa saman nýju efni og gömlu í dagskrá, rosnum og reyndum

STUNDUM verður vart þeirrar skoðunar að skáldskapurinn sé í þann veg að þoka úr sessi fyrir myndlist sem þjóðlist Íslendinga framfar öðrum listgreinum; þessa skoðun má alveg efalaust styðja greinargóðum rökum. Og það má benda á sýningu Félags íslenzkra myndlistarmanna í Listasafni ríkisins til sannindamerkis um stöðu íslenzkrar myndlistar í dag, — þrótt hennar og grósku. Þó eru tveir listamenn eftirtakanlega fjarverandi frá sýningunni sem báðir hefðu átt þar heima í heiðurssæti: þeir Ásmundur Sveinsson og Svavar Guðnason. Og þó orkar skipan einstakra listamanna innan sýningar meira en lítills tvímælis.

Það vekur strax athygli þegar gengið er um aðalsali sýningarinnar, málverkadeildina, hversu heilsteypt hún er og beinlínis falleg. Hún er einstök augnagleði, samstað og í senn (Framhald á 4. síðu).



Jóhannes Jóhannesson við eina af myndum sínum á myndlistarsýningu listahátíðarinnar.

Á listahátíð

(Framhald af 7. síðu).

svipbrigðarík. Hin frjálsega abstraktsjón sem jafnólikir málara og Jóhannes Jóhannesson, Hafsteinn Austmann, Steinn Sigurðsson, Kristján Davíðsson ástunda allir umlykur verk hinna ráðnari listamanna og stærri í sniðum sem kann að bera hæst á sýningunni: Jóhannes Kjarval, Gunnlaug Scheving, Þorvald Skúlason, Nínu Tryggvadóttir. Stórmyndir Schevings verða kannski minnisstæðastar alls af þessari sýningu: þar sem maður horfir á þær, er auðvelt að trúa kenningunni um forustuhlutverk myndlistarinnar í íslenskri nútíðarmenningu, og sú trú styrkist óhjákvæmilega af persónulegri margbreytni, formleiti og formgleði, listrænni alvöru annarra listamanna á sýningunni, og svo sýningarinnar í heild.

Áreiðanlega hefur það verið rétt ráðið af myndlistarmönnum að reyna ekki að koma saman neinni yfirlitssýningu lengra tímabils, miða t. d. við lýðveldisstofnunina. Með þeim hætti sem hafður er á ætti þessi sýning að veita allgöggla mynd af stöðu myndlistarinnar einmitt í dag, viðleitni og vandamálum málara, margbreytilegu svipfari þeirra, og það er ekki síður forvitnilegt, en sögulegt yfirlit sem óhjákvæmilega yrði hæpið og umdeilanlegt. En er þessi sýning raunverulega fullnægjandi? Óneitanlega virðist höggmyndaðildin nokkuð svo blendin og fáskrúðug, þótt þar sé sitthvað af góðum verkum; hin óútskýrða fjarvist Ásmundar Sveinssonar dregur úr henni mátt. Og svartlistar- og vatnslitadeildin virðist býsna handa hófskemmd: engu er líkara en hún hafi verið látin raða sér saman sjálf, úrvinnslu- og hugsunarlítið. Það eru málverkasalirnir sem bera þessa sýningu uppi. En þeim mun furðulegra er að sjá einnig þar glompur og missemið. Auk Svavars Guðnasonar vantar á sýninguna þá Jóhannes Geir og Karl Kvaran; Sverrir Haraldsson á þar aðeins eitt málverk sem hangir milli dyra við heldur litla virðing, og Einar Baldvinsson eitt í felum. Hvaða rök eru til þess að mismuna þessum listamönnum? Þetta eru kannski alvarlegustu glöpin; en ættu þeir Jóhann Briem og Hafsteinn Austmann ekki skilið svigrúm á sýningunni til móts við marga aðra sem fer meira fyrir þar? Báðir hafa þeir nýverið, og eins Sverrir Haraldsson, haldið sterkar, fallegar sýningar sem sízt báru vott um neitt undanahald.

Eg veit ekki þar um það hvernig myndlistarmenn haga vali sínu á slíkar sýningar; það er sjálfsgætt vandmeðfarið. En óneitanlega er töluvert undir því komið að sýningu sem þessari sé treystandi sem haldgöðu, heiðarlegu yfirliti um nútíma-

list okkar: það er þó alla daga tilgangur hennar á listahátíð. Um yfirlitsgildi þessarar sýningar virðist mega spyrja lengi, og deila lengur að líkindum. Þar fyrir er engin ástæða að draga í efa sjálft sýningargildi hennar. Og er það ekki enn eitt dæmið um stöðu og styrk íslenskrar myndlistar nú?

JÓN Þórarinnsson vék að því m. a. í setningarræðu listahátíðarinnar að hún gæfi tilefni til að meta fyrir sér stöðu íslenskra lista nú í dag, hvort nokkuð hefði munað á leið. Ekki veit ég svo sem hvort þessi hátíð sýni svo hreinlegan þverskurð íslenskrar listmenningar að unnt sé að meta með nokkrum rökum stöðu listanna af henni einni saman; en ekki er það trúleg saga. En verði reglulegt framhald slíks hátíðahalds, t. d. annað eða þriðja hvert ár, jafnvel árlega þegar fram í sækir, kann annað að koma á daginn. Þá kann svo að fara að allt hið bezta úr íslensku lista- og menningarlífi vekist upp fyrir okkur á þessum vorhátíðum, sem hver um sig kristalli það, sem best er og nýjast á boðstólum hverju sinni. Þá fer að verða vit í að tala um listahátíðir sem þverskurð listalífs.

Tveir efnisþættir þessarar hátíðar sýnast mér að sinni minnisverðastir. Annar er hlutur ágætra erlendra gesta í hátíðinni, Vladimir Askenazis og Ruth Little og svo Kristins Hallssonar ásamt þeim; tónleikar þessa listafólks voru kannski ánægjulegustu viðburðirnir á hátíðinni. Tónlist mun eflaust skipa mikið rúm á listahátíðum eftirleiðis, ekki sízt ef þær eiga, að einhverju leyti, að taka á sig alþjóðlegt snið. Og erlendar heimsóknir eru nauðsynlegur þáttur hátíðahaldsins. Það er tilefni til að fá mikilhæfa listamenn í heimsókn og tækifæri til samjafnaðar við okkar eigin list. Er lend myndlist og leiklist á vonandi senn innangengt á íslenska listahátíð. Hinn efnisþátturinn er frumflutningur nokkurra nýrra íslenskra verka, forvitnilegra og nýstárlegra: tónleikar Musica nova á sunnudaginn, sýning Grímu á Amalfi Odds Björnssonar, ópera Þorkels Sigurbjörnssonar í Þjóðleikhúsinu; samfylgd nýrra listar er áreiðanlega hagstæð í upphafi reglulegra listahátíða í landinu.

LISTASÁTIÐINNI er nú senn lokið: það er varla eftir nema þakka fyrir sig. Það mun fátt, ef ekki einsdæmi, að Reyk víkingar hafi átt jafnfjölbreyttan kost listræns atlatís á jafnskömmum tíma og nú undanfarna vorbliðudaga, og það er sannarlega vonandi, að þeir hafi kunnað að meta það sem fram var boðið. Á þeim undir-



Sindrastóllinn er sígildur

SINDRI H.F.

Hverfisgötu 42.

Minnismerki

(Framhald af 1. síðu).

höfundarréttarins og fé varið úr bæjarsjóði til útgáfunnar.

Ekki fóru fram frekari hátíðahöld á Akranesi í dag, heldur verður afmælisins frekar minnst í sambandi við þjóðhátíðina á morgun.

KRÚSTJOV

(Framhald af 1. síðu).

„húrra,” en flestir stóðu kyrrir og horfðu þegjandi á Krústjov ganga inn í hótelið.

Eftirtektarvert var, að á þeim stöðum, sem Krústjov heimsótti — Ráðhúsið, en þar var snæddur hádegisverður, Þinghúsið og skrifstofur forsætisráðherra og við hótelið, var tiltölulega lítill mannfjöldi. Hinn mikli fjöldi lögreglumanna var mun meira áberandi. Í bílalestinni, sem sovézku gestirnir óku í um Kaupmannahöfn voru amk. fimm bílar fullhlaðnir lögreglumönnum. Auk þess fylgdu bílalestinni 14 lögreglumenn á mótorhjólum. Fjöldi lögreglumanna var við vegatálma, í hópi áhorfenda og ekki sízt í gluggum húsa og á húsapökum.

Lögreglumennirnir áttu m. a. að gæta þess, að mannfjöldinn kæmi ekki of nærri sovézka forsætisráðherranum. En Kaupmanna-

tektum, hverjar sem þær hafa nú verið, veltur allt framhald slíks hátíðahalds. — Ó.J.

hafnarbúar sýndu engan áhuga á slíku á fyrsta degi heimsóknarinnar. Þeir virtust aðallega forvitnir og vildu augsýnilega aðeins fá að sjá einn voldugasta mann heims. Þeir létu engar sérstakar tilfinningar í ljós.

Ökumaður

(Framhald af 16. síðu).

hann var að komast réttur inn á veginn.

Eitt út af fyrir sig er þetta auðvitað ekki í frásögur færandi. En þegar jeppinn er kominn rétt niður undir Ártúnsbrekku, kemur fólksflutningabíllinn R-3584 allt í einu fast upp að hlið hans, án þess að gefa á nokkurn hátt merki um að hann hygðist fara fram úr. — Ökumaður fólksflutningabílsins þrýstir síðan jeppanum út á vegarbrún, ekur utan í hann, svo ökumanni jeppans var nauðugur kostur að aka út af veginum til að forða enn frekari árekstri. Vegarbrún, og ekur utan í hann, svo öku bílnum ekki mikil, hlutust því ekki skemmdir á jeppanum af út af keyrslunni. Höggið var það mikla er bílarnir skulu saman, að óhugsandi er annað en ökumaður fólksflutningabílsins hafi orðið þess var um leið og hann hrakti jeppann út af. Hann ók hins vegar leiðar sinnar, sem ekkert væri og skeytti engu um afrek sitt.

Síðan var jeppanum ekið upp á veginn aftur og eftir fólksflutningabílnum. Bíllinn stanzaði tvisvar til að hleypa út fólki, en í bæði skiptin, er ökumaður jeppans, gerði sig líklegan til að koma út og ræða við ökumann fólksflut-

ingabílsins ók hann af stað og var greinilegt að ökumaður taldi sig ekkert eiga vantalað við ökumann bifreiðarinnar, sem hann hafði ekið á.

Málið var kært til lögreglunnar. Það skal tekið fram, að ökumaður fólksflutningabifreiðarinnar var ekki ungur maður nýbúinn að fá ökuréttindi, heldur maður á fer tugs aldri, sem um langt árabíl hefur haft akstur að atvinnu.

Hlaðbord

Frh. af 16 síðu.

15 og 17. Þetta er nýr þáttur í starfsemi Hlégarðs, og vonast eigendur félagsheimilisins eftir að hann muni verða vinsæll.

Ákveðið hefur verið að kalla þetta „Hlaðborðskaffi” því kökur verða ekki skammtaðar, heldur mega gestir snæða eftir þörfum.

Rekstur félagsheimilisins hefur farið vaxandi með ári hverju og nýlega hafa verið settar upp þar fullkomnar kvikmyndasýningavélar og verða eftirleiðis sýndar kvikmyndir tvisvar í viku á kvöldin og fyrir börn á sunnudögum.

Á morgun verður vígð ný sundlaug, Varmársundlaug, skammt frá félagsheimilinu. Er hún hið glæsilegasta mannvirki, og verður opnuð almenningi 20. júní.

Eigendur félagsheimilisins eru Mosfellshreppur, Kvenfélag Lága-fellssóknar og Ungmennafélagið Afturelding.

Lesið Alþýðublaðið